

Fundarnúmer:	566
Dagsetning:	29.10.2008
Tími:	09:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

1. Fjárhagsáætlun ársins 2009.
2. Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Afgreiðslur:

1. Farið yfir fyrstu drög að fjárhagsáætlun ársins 2009 með Guðrínu Ragnarsdóttur, skrifstofustjóra. Byggðarráð samþykkir að frá og með 1. janúar 2008 verði hætt að reikna verðbætur á lán sem Reykjaeignir ehf. skulda Eignasjóði Húnaþings vestra. Staða lánsins var 1. janúar 2008 kr. 93.725.505- Jafnframt samþykkir byggðarráð að frá sama tíma verði hætt að vaxtareikna viðskiptareikninga milli sveitarsjóðs og undirfyrirtækja.
2. „Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 40.000.000 kr. til 10 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til framkvæmda við uppbyggingu gámapallar, gatnaframkvæmda og framkvæmda hjá veitustofnunum Húnaþings vestra, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Skúla Þórðarsyni, sveitarstjóra kt. 190164-4389, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“

3. Byggðarráð samþykkir eftirfarandi yfirlýsingu:

„Vegna þess ástands sem skapast hefur í efnahagsmálum þjóðarinnar vill sveitarstjórn Húnaþings vestra áréttta að þrátt fyrir fyrirsjáanlegt tekjutap þá mun sveitarstjórnin af fremsta megni standa vörð um alla grunnþjónustu sveitarfélagsins. Þá hefur sveitarfélagið ekki uppi áform um fækkun starfsfólks. Vakin er athygli á að sveitarfélagið er ekki með nein erlend lán og að sveitarfélagið átti ekki fjármuni inná peningamarkaðssjóðum. Við þær aðstæður sem uppi eru vill sveitarstjórn Húnaþings vestra vekja athygli á mögulegum úrræðum félagsþjónustunnar. En öðru fremur eru íbúar hvattir til að sýna samstöðu í yfirstandandi þrengingum og umhyggju fyrir hverju öðru.“

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:00

Elín R. Líndal(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
 Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Raket Runólfsdóttir(sign.),
 P. Karl Eggertsson(sign.), Heimir Ágústsson(sign.),
 Stefán Böðvarsson(sign.),
 Áheyrnarfulltrúi:
 Oddur Sigurðarson(sign.).